

2.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 12.febrúar 2025 kl. 14:00.
Fundurinn verður haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði eru með á fjarfundi, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvík eru á staðfundi.

Oddviti óskar samþykkis fyrir því að bæta við þrem málum sem bárust eftir að fundargögn voru send til hreppsnefndar og var það samþykkt. Þau verða skráð númer 9., 10. og 11. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefni ársins 2025, varðandi framhald vinnu við þrífösun rafm. og ljósleiðara.
 2. Bréf til Vegagerðarinnar varðandi ýmislegt.
 3. Póstur frá Matvælaráðuneyti varðandi byggðakvóta.
 4. Fundargerð 12.fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða.
 5. Hnitsetningar á jörðum í sveitarfélaginu?
 6. Umsóknir um Kaffi Norðurfjörð.
 7. Minnisblað frá fundi með VesturVerki.
 8. Kröfur Óbyggðanefndar varðandi eyjar og sker.
-
1. Verkefni ársins 2025, varðandi framhald vinnu við þrífösun rafm. og ljósleiðara. Farið var yfir bréf sem send hafa verið Orkubúi Vestfjarða, Fjarskiptasjóði, Orkusjóði/ Umhverfis- og orkustofnun varðandi hugsanlega styrki til þess að ljúka verkefninu þrífösun og ljósleiðaravæðingu í Árneshreppi á þessu ári. Hreppsnefnd leggur mikla áherslu á að verkefnið norður að Krossnesi, sundlaug og Felli verði klárað sem allra fyrst.
 2. Bréf til Vegagerðarinnar varðandi ýmislegt. Fá svör hafa borist ennþá frá Vegagerðinni en beðið verður nánari fréttu. Ákveðið að sækja sérstaklega um úr styrkvegasjóði fyrir veginn norður að Krossneslaug sem er ferðamannastaður. Einnig er nauðsynlegt að bæta veginn við Norðurfjarðarhöfn.
 3. Póstur frá Matvælaráðuneyti varðandi byggðakvóta. Engin svör hafa borist frá Matvælaráðuneytinu vegna pósts oddvita varðandi kvótaskerðinguna sem fyrirhuguð er gagnvart Árneshreppi. Ákveðið að áréttu erindið og biðja um svör.
 4. Fundargerð 12.fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

1. Hnitsetningar á jörðum í sveitarfélaginu? Ákveðið var að setja hvatningu til jarðeigenda inn á heimasíðu Árneshrepp og FB síður.
2. Umsóknir um Kaffi Norðurfjörð. Umsóknarfrestur er ekki runninn út, en lauslega farið yfir umsóknir sem hafa borist.
3. Minnisblað frá fundi með VesturVerki. Lagt fram til kynningar. Ákveðið var að skrifa viðkomandi og áréttta að samgöngumál við sveitarfélagið séu með stærri málum í huga íbúa.
4. Kröfur Óbyggðanefndar varðandi eyjar og sker. Jón Jónsson lögmaður sér um að svara fyrir Kolbeinsvík sem er í eigu Árneshrepps.
5. Frá Lánasjóði sveitarfélaga, auglýsing eftir framboði í stjórn Lánasjóðsins. Lagt fram til kynningar.
6. Húsnæðisáætlun 2025, lögð fram til umræðu. Nokkrir annmarkar eru á skýrslunni og fara þarf nánar yfir þau atriði. Oddvita falið að tala við tengilið okkar hjá HMS.
7. Tilnefning fulltrúa í fulltrúaráð vegna Velferðarþjónustu á Vestfjörðum; Fulltrúar Árneshrepps eru Eva Sigurbjörnsdóttir og Bjarnheiður Júlía Fossdal varamaður.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.